**ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA**

# Ársskýrsla 2023

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti veitir ár hvert styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá. Hælisleitendur eru þó undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Styrkir til íslenskukennslu eru veittir til viðurkenndra framhaldsfræðsluaðila er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi, sem og fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku. Fyrirtæki eða stofnanir sem eru á fyrirtækjaskrá og ekki eru viðurkenndir framhaldsfræðsluaðilar þurfa að hafa samning við slíkan aðila sem annast kennsluna.

## Starfsemi

Umsóknarfrestur til styrkja var 3. desember 2022. Alls bárust styrkumsóknir frá 19 aðilum fyrir námskeiðahaldi á árinu 2023 og fengu allir úthlutun þó sumir fengu alla upphæð sem beðið var um en aðrir hluta hennar. Þessir 19 aðilar sóttu samtals um að halda 1.065 námskeið fyrir alls 13.137 nemendur. Heildarfjárbeiðnir námu alls 565,6 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals 232,65 m.kr. á tímabilinu sem er töluverð hækkun frá árinu á undan þar sem upphæðin var 145,5 m.kr.

Niðurstaðan varð sú þessir 19 aðilar fengu úthlutun til halda samtals 787 námskeið fyrir alls 8.929 nemendur á árinu 2023. Í lok árs náðu 10 þessara stofnana að uppfylla kröfur um tilskilinn nemenda- og námskeiðafjölda á árinu og fengu því úthlutaðan hámarksstyrk. Hinar níu þurftu að þola hlutfallslega skerðingu á úthlutun.

Nánari útlistun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflu, aftast í þessu skjali.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda og beiðnir um greiðslu.


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| Nafn stofnunar | Námsk. skv. samningi | Nem skv. samningi | úthlutun | Námskeið skv. lokaskilum | Nem. skv. lokaskilum | Lokagreiðsla | Frávik % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbrú | 20 | 200 | 6.000.000 | 20 | 200 | 6.000.000 | - |
| Betri árangur | 10 | 130 | 3.450.000 | 10 | 130 | 3.450.000 | - |
| Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra | 8 | 80 | 2.400.000 | 3 | 34 | 960.000 | 60 |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | 18 | 180 | 5.400.000 | 18 | 180 | 5.400.000 | - |
| Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi | 37 | 422 | 11.880.000 | 17 | 299 | 7.035.000 | 40 |
| Fjölsmiðjan | 2 | 20 | 1.200.000 | 2 | 20 | 1.200.000 | 100 |
| MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum | 79 | 790 | 23.700.000 | 79 | 790 | 23.700.000 | - |
| Kópavogsbær | 7 | 105 | 2.625.000 | 1 | 15 | 375.000 | 86 |
| Mímir-símenntun | 151 | 1795 | 49.575.313 | 152 | 1551 | 46.065.000 | 9,3 |
| Múltikúlti-íslenska | 132 | 1320 | 25.080.000 | 132 | 1320 | 25.080.000 | - |
| Retor sf. Fræðsla | 82 | 1066 | 28.290.000 | 82 | 1066 | 28.290.000 | - |
| Reykjavíkurborg | 14 | 200 | 4.545.000 | 3 | 29 | 772.500 | 87 |
| Saga-Akademía | 40 | 320 | 8.800.000 | 40 | 320 | 8.800.000 | - |
| Samband íslenskra kristniboðsfélaga | 10 | 260 | 2.520.000 | 10 | 260 | 2.520.000 | - |
| Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar | 29 | 348 | 9.570.000 | 29 | 348 | 9.570.000 | - |
| Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi | 14 | 140 | 4.200.000 | 14 | 140 | 4.200.000 | - |
| Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja | 18 | 140 | 4.800.000 | 6 | 60 | 2.040.000 | 60 |
| Tungumálaskólinn ehf. | 101 | 1263 | 34.114.687 | 101 | 1263 | 34.114.687 | - |
| Þekkingarnet Þingeyinga | 15 | 150 | 4.500.000 | 12 | 101 | 3.315.000 | 26 |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 232.650.000 | | | *212.887.187* | 8,5 |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |

Reykjavík 11. janúar 2024
Skúli Leifsson, Rannís


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is